



Upplýsingar um starfshópin

Hugarafi 

Hugarafi

Hugarafi samanstendur af iðjupjálfum með reynslu af geðheilbrigðismálum og einstaklingum sem eiga við geðræn vandamál að stríða en eru á batavegi sem vilja deila sinni reynslu með öðrum sem láta sig slík málefni varða.

Hugsjón Hugarafis er að vinna að ýmsum verkefnum til að bæta geðheilbrigðisþjónustu. Verkefnavinna hefur þýðingu fyrir einstaklinga á batavegi, einstaklinga sem ekki eru tilbúnir út á almennan vinnumarkað en vilja að reynsla þeirra af geðsjúkdómum megi nýtast.

Notendahópar geðheilbrigðisþjónustu geta meðal annars verið í hlutverki gæðæftirlits og staðið fyrir rannsóknum sem tengjast geðheilbrigðismálum í samvinnu við fagfólk, staðið fyrir útgáfu fræðsluefnis, verið tenglar við geðsjúka og fleira.

Helstu verkefni sem eru í gangi hjá okkur núna eru :

HEIMASÍÐA : Setja inn greinar, þýðingar, fréttir og allt annað sem við viljum að allir geti séð. Þarna munu vissir aðilar sjá um að halda utan um það sem fer inn á síðuna.

GAGNABANKI : Upplýsingaöflun á rannsóknum og öllu því sem við getum nýtt okkur. Þarna verður öllum gögnum haldið til haga og það verður séð til þess að ný gögn sem við komumst yfir verði sett í Bankann reglulega.

ÞÝÐINGAR : Þessi hópur sér um að þýða erlent efni sem við höfum gagn af, hann mun jafnvel sjá um að útvega efni til að þýða.

ÚTGÁFA : Prenta bæklinga, þýðingar, greinar og fl. þarna þarf einnig að brjóta saman og hefta.

ALMANNATENGLS : Aðilar sem sjá um að miðla ákveðnum upplýsingum til almennings og kynna starfsemi Hugarafls.

TÖLVUPÓSTUR : Aðilar sem sjá um að svara Tölvupósti sem berst okkur, t.d. hollvinum og öðrum fyrirspurnum.

NÁMSKEIÐ/FRÆÐSLA : Aðilar sem sjá um að undirbúa fyrirlestra og fræðslur sem óskað er eftir að hópurinn verði með.

RANNSÓKNIR : Hópur sem leggst í rannsóknarvinnu, hvort sem það er um lyfjanotkun, hegðunarmynstur á sjúkdómum, nú eða bara hvað sem er sem við getum nýtt okkur til betri vegar.

FJÁRÖFLUN : Aðilar sem sjá um að útbúa styrktarumsóknir og eða panta viðtal við fyrirtæki og aðra aðila sem kynnu að styrkja okkur.

Hlutverkasetur

Hugmyndin er að Hlutverkasetrið verði rekið af geðsjúkum og iðjuþjálfum, staðsett í miðbæ Reykjavíkur, með þjónustu við almenning, t.d. kaffihúsarekstri, og sinni rannsóknnum, gæðaeftirliti á heilbrigðisþjónustu, námskeiðahaldi, tengla- og ráðgjafastarfi. Hlutverkasetur verður þjónustumiðstöð fyrir fólk sem hefur orðið fyrir röskun vegna veikinda og/eða hafa ekki fengið tækifæri til að sýna getu sína, t.d. á almennum vinnumarkaði.

Helstu markmið Hlutverkasetursins eru að skapa störf sem:

- Felast í hlutverki við að aðstoða þá sem styttra er komnir í bataferli
- Brjóta geðsjúkum leið til áhrifa í geðheilbrigðisþjónustu við þá
- Efla virkni og þátttöku í samfélaginu
- Skapa verðmæti út frá reynslu geðsjúkra
- Efla félagstengsl og færni
- Skapa tækifæri til áframhaldandi starfa á almennum vinnumarkaði

Notandi spyr Notanda (NsN)

Verkefnið Notandi spyr Notanda er byggt á norskri fyrirmynd sem unnin var á árunum 1998 til 2000. Þetta verkefni var unnið í Þrændalögum, sem er svipað að stærð og Stór- Reykjavíkursvæðið. Verkefnið fékk styrk frá Félags- og heilbrigðisráðuneyti Noregs að verðmæti 41 milljón íslenskra króna. Á þessu þriggja ára tímabili voru haldnir 165 fundir í 7 mismunandi þjónustuforum þar sem 500 einstaklingar tóku þátt.

Vinnsla verkefnisins á Íslandi fór fram í júní – október 2004. Undirbúningur verkefnisins fór fram í júní og viðtöl fóru fram í júlí. Haldnir voru 16 fundir á þremur deildum í júlímánuði. Úrvinnsla gagna fór fram í ágúst og niðurstöðurnar lágu fyrir um miðjan október. Í viðtölum voru Hugaraflsmeðlimir 4-6 saman í hóp en þó aldrei fleiri en þeir sem talað var við. Það voru engar persónulegar spurningar hafðar í frammi og fólki var í sjálfsvald sett hvort það talaði við spyrjendur eða ekki. En einungis var spurt um það hvernig fólk upplifði að vera inni á deildinni. Upplýsingarnar voru síðan settar saman í skýrslur sem afhentar voru yfirmönnum hversrar deildar. Þeir munu síðan geta nýtt sér skýrslurnar til að vinna að því að gera þjónustuna á deildum meira í takt við þarfir notanda. Einnig voru teknar saman upplýsingar fyrir þá notendur sem tóku þátt í verkefninu. Í bæklingnum geta þeir séð hvernig þeirra upplýsingarnar eru notaðar til að auka gæði þeirrar starfsemi sem fram fer á geðdeildum.

Harpa Ýr Erlendsdóttir og Valdís Brá Þorsteinsdóttir, 4. árs iðjuþjálfanemar við Háskólann á Akureyri, voru verkefnisstjórar en þær voru styrktar af Nýsköpunarsjóði Námsmanna og Heilbrigðisráðuneyti. Þær sáu m.a. um þjálfun, undirbúning, og aðstoð við úrvinnslu. Samstarfsaðilar og umsjónarmenn verkefnisins voru Auður Axelsdóttir iðjuþjálfari hjá Heilsugæslu Reykjavíkur og Elín Ebba Ásmundsdóttir forstöðu-iðjuþjálfari hjá LSH og lektor við Háskólann á Akureyri.

Verkefninu var vel tekið af notendum á Íslandi vegna þess að þeir fengu tækifæri til að hafa áhrif. Vinnsla verkefnisins var yfirgripsmikil en um leið lærdómsrík og gefandi. Vonast er til að í framtíðinni verði tekið mið af reynslu notenda þegar að þjónustu við geðsjúka kemur. Þetta verkefni gæti orðið vísir að því.

Hugarafli · Bolholt 4 · 105 Reykjavík

S: 414-1550, 821-2183 · hugarafli@hugarafli.is

www.hugarafli.is